Ísafjörður 11. október 2010

Stjórn Vestfjarðardeildar ályktar.

Stjórn Vestfjarðardeildar Sjúkraliðafélags Íslands, mótmælir harðlega fyrirhuguðum niðurskurði á Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar árið 2011.
Slík áform valda algjöru hruni á svæðinu í heild sinni. Atvinnuleysi eykst og fólksflótti í kjölfarið því engin getur búið við að hafa ekki örugga heilbrigðisþjónustu í byggðarlaginu.
Sjúkraliðar benda ráðamönnum þjóðarinnar á að öryggi íbúa á Vestfjörðum er sett í stórfellda hættu með þessum áformum.Sjúkraflugvél er ekki staðsett á Ísafirði og aukið sjúkraflug verður mjög kostnaðarsamt fyrir ríkissjóð.
Enn og aftur er ráðist að kvennastörfum í landinu því að á heilbrigðissviðinu eru kvennastörf í miklum meirihluta.
Það er engin lausn fyrir ríkisjóð að fjölga heilbrigðistarfsfólki á atvinnuleysisskrá.
Ríkistjórn og þingmenn, við krefjumst þess að fyrirhugaður stórfelldur niðurskurður sem landsbyggðin á að taka á sig verði dreginn til baka, því landsbyggðin þolir hreinlega ekki meira.

Fyrir hönd, Vestfjarðadeildar Sjúkraliðafélag Íslands Guðlaug I.Sveinbjörnsdóttir, formaður.